

Ársskýrsla Siðanefndar Félagsráðgjafafélags Íslands 2021 – 2022

Siðanefnd: Guðrún H. Sederholm, Helga Þórðardóttir, Tara Margrét Vilhjálmsdóttir.

Siðanefndin hefur ekki náð að koma saman sem heild á þessu tímabili vegna ýmissa forfalla nefndarmanna. Engu að síður hefur okkur tekist að skipuleggja vinnustofu sem haldin var á Degi félagsráðgjafar 15. mars s.l.

Vinnustofan tókst svo vel að fundargestir höfðu orð á nauðsyn slíkrar vinnustofu þar sem hin faglegu gildi greinarinnar eru rædd og kölluðu eftir framhaldi af slíku.

Áður höfðu komið fram óskir um umræðu um hugtök og siðleg vinnubrögð frá félagsmönnum í umræðustofum sem Siðanefndin hefur staðið fyrir á undanförunum árum á Degi félagsráðgjafar, í þeim tilgangi að skerpa á helstu gildum vegna breytinga á siðareglum félagsins til samræmis við hinar alþjóðlegu reglur. Siðareglur félagsráðgjafa voru endurskoðaðar og ný útgáfa samþykkt vorið 2021. Vinnustofan var því efnd um loforð.

Skemmst er frá að segja að erindi sem flutt voru á Vinnustofunni reyndust öll mjög áhugaverð en þau tóku mið af 2 .gr siðareglanna og héldu flytjendur sig mjög vel við greinina, eins og ákveðið hafði verið af hálfu Siðanefndarinnar. Efnistökur voru ólík enda málefni ólík en segja má að fram hafi komið ábendingar um aðferðir sem hafa reynst vel til að hafa áhrif á stjórnvöld og fjölmiðla auk ábendinga um breyttar áherslur í kennslu félagsráðgjafar við HÍ. Samkvæmt alþjóðlegu siðareglunum ber háskólum sem kenna félagsráðgjöf skylda til að taka mið af nýjum siðareglum sem í dag eru mun pólitískari en áður. Lagt var til að HÍ byði upp á aukið val t.d. hvað varðar róttækari félagsráðgjöf en nú er gert þar sem klínísk félagsráðgjöf hefur verið í fyrirrúmi. Nemendum stæði m.a. til boða að sækja valnámskeið í kynjafræði þar sem fjallað er um róttækari sjónarhorn. Meginniðurstaðan er að kennslan þarf að taka mið af 2.grein hinna nýju siðareglna.

Guðrún hefur ákveðið að halda áfram störfum í Siðanefndinni m.a. til að mynda samfellu í störfum nefndarinnar þar sem bæði Helga og Tara Margrét gefa ekki kost á sér aftur og vill Guðrún þakka þeim farsæla samveru og samvinnu.

Guðrún Sederholm, formaður siðanefndar FÍ